

því ávalt að leggja til sinn skerf atóku og vilja þeim megin, sem þau prinsip var að finna. Hann var viðkvæmur í lund, og fann til með lítilmagnanum, hvort heldur það var maður eða dýr. Og yfir höfuð lisði hann eftir þeim síðareglum, sem góðum fríhyggjanda ber, að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við í kristnu þjóðfélagi undir auðvaldsstjórn.

Hann var að eins leikmaður, uppalinn meðal bændafólks, og hafði litil eða engin mentunar tækisæri. Og með tilliti til þess sér maður, hve vel hann hefir verið gefinn gáfnalega. Hann var skarpgreindur, fljótur að grípa og skilja og námsmaður hinn bezti. Heimili hans mætti heita skóli, um nokkurn tíma að minsta kosti, þar komu menn saman og ræddu og fræddu, og þar var ávalt eitthvað nýtt á seiði. Allar hinir nýrri skoðanir blómguðust þar og báru ávexti.

Það var söknuður stór að honum svona á unga aldri, og að það var almenn tilfinning, sýndi hinn fjölmenni hópur, er fylgdi honum til grafar. Slíkt atriði var þegjandi órækur vottur þess, hver skaði menn álitu að fráfalli hans. Almenn tilfinning lýgur ekki, ef hún er ekki afvega leidd, sem í þessu tilfelli var sannarlega ekki.

Það er ekki hægt að skrifa sögu Vestur-Íslendinga án þess, að geta Eiríks Gíslasonar.

S. B. Benediktsson.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.